

Breytingartillögur

við frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, MS, EKG, ÁF, SAÞ, ÞES, AKG).

1. Í stað orðanna „tímabundinn eða til lífstíðar“ í 5. gr. komi: tímabundinn, til lífstíðar eða gengið í erfðir (erfðaábúð).
2. Lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. orðist svo: Heldur jarðareigandi einu eintaki en ábúandi tveimur sem hann skal þinglýsa.
3. Á eftir orðunum „jörðinni fylgja“ í lokamálslið 10. gr. komi: nema um annað hafi verið samið.
4. Í stað 2. másl. 1. mgr. 11. gr. komi þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum til eigin atvinnurekstrar. Enn fremur hefur ábúandi rétt til sölu rafmagns inn á viðkomandi dreifikerfi, allt að 2 MW. Þá á ábúandi rétt á byggingarefni til bú-þarfa.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Skylt er ábúanda að hafa fasta búsetu á ábúðarjörð sinni. Honum er skylt að stunda þar landbúnað nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.
6. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk ef sambúðin er skráð hjá Hagstofu Íslands, ef það á sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað í a.m.k. eitt ár eða ef það hefur átt barn saman eða á von á barni.
7. Orðin „nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstaka heimild þess efnis“ í 1. mgr. 29. gr. falli brott.
8. Við 32. gr.
 - a. Inngangsmálsliður orðist svo: Réttur til ábúðar á jörðum samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. hús og mannvirki á jörðinni sem viðkomandi ætt á, erfist sem hér segir.
 - b. Í stað orðsins „forráðamenn“ í 4. tölul. komi: forsjármenn.
 - c. Í stað orðanna „enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann lést“ í 8. tölul. komi: enda eigi hann ekki kjörbarn.
 - d. Orðin „sem hefur áður leitað umsagnar landbúnaðarnefndar sveitarfélags“ í 9. tölul. falli brott.
9. Orðin „að fenginni umsögn sveitarstjórnar“ og „einnig“ í 1. mgr. 37. gr. falli brott.
10. Orðin „gildandi skipulagsforsendur og“ í 1. másl. 2. mgr. 41. gr. falli brott.
11. Við 42. gr.
 - a. Í stað orðanna „fjórum vikum“ komi: sex vikum.
 - b. Á eftir orðunum „vettvangsskoðun lauk“ komi: nema óviðráðanlegar ástæður standi í vegi fyrir því. Tilkynna skal málsaðilum slíka töf og ástæður fyrir henni.

Prentað upp.